

Innra mat í leikskólum

Rannsókn á innra mati í sex leikskólum í Reykjavík.
Unnið á árunum 2009-2010 með styrk frá Þróunarsjóði Leikskólaráðs.

Halldóra Pétursdóttir
Matsfræðingur

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Matsfræði	3
Matsnálganir.....	3
Markmiðsmiðað mat (e. <i>objectives-oriented</i>)	3
Þátttakendamiðað mat (e. <i>participant-oriented</i>)	4
Leiðsagnarmat (e. <i>formative evaluation</i>).....	5
Staðlar.....	5
Undirbúningur fyrir mat	8
Rannsóknaraðferðir	10
Rannsóknarspurningar.....	10
Aðferðafræði	10
Grunduð kenning	10
Orðræðugreining	10
Framkvæmd og úrvinnsla	11
Þátttakendur.....	11
Mælitæki.....	11
Framkvæmd.....	11
Úrvinnsla gagna	12
Niðurstöður	13
Greining viðtala tengd við rannsóknarspurningar.	13
Greining viðtala með hliðsjón af matsnálgunum og stöðlum	16
Sameiginleg sýn leikskólakennara og foreldra.....	19
Orðræða um mat	19
Umræða og samantekt	20
Tillögur að umbótum	21
Lokaorð	21
Heimildaskrá	22

Inngangur

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 segir í 17. gr. að markmið mats sé að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun til foreldra, fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla og viðtökuskóla. Tryggja skal að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, auka gæði námsins og stuðla að umbótum. Réttindi barna skulu tryggð og að þau fái þá þjónustu sem þeim ber lögum samkvæmt (Lög um leikskóla, nr. 90/2008). Frá því að ég lauk námi sem matsfræðingur vorið 2007 hefur mér verið hugleikin framkvæmd sjálfsmats í leikskólum. Eftir að ég hóf störf sem leikskólastjóri árið 2004 hef ég orðið þess vör að þrátt fyrir góðan vilja leikskólastjórnenda til að stunda sjálfsmat og skólaþróun, þá skortir þekkingu á því hvernig mat skuli framkvæmt. Í þessari rannsókn sem unnin var í sex leikskólum í Reykjavík, koma fram upplýsingar um hvernig leikskólar vinna nú að sjálfsmati og hvar þarf að auka styrkleika þeirra með aukinni fræðslu.

Gagnsemi þessarar rannsóknar er margþætt, má þar fyrst nefna að til að mat skili árangri í skólastarfinu og styðji við skólaþróun þarf að byggja það á fræðilegri þekkingu. Með því að afla gagna um framkvæmd mats skapast þekking á starfsumhverfi og starfsaðferðum leikskólans sem er mikilvægt að höfð sé í forgrunni þegar sjálfsmat er þróað innan þessara stofnana. Rannsóknaraðferðum er ítarlega lýst í þessari rannsókn, meðal annars til þess að hægt sé að endurtaka hana og nota við samanburðarrannsóknir á innra mati á leikskólastiginu. Gildi rannsókna á leikskólastiginu er mikilvægt í ljósi þess að þar er lagður grunnur að frekara námi.

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á framkvæmd sjálfsmats/innra mats í leikskólum og skoða þær í ljósi matsnálgana og matsstaðla.

Rannsóknin skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um þær matsnálganir sem niðurstöður hafa mesta skírskotun til. Þá eru settir fram matsstaðlar sem horft er til við greiningu gagnanna. Í öðrum hluta er gerð grein fyrir rannsóknaraðferðum, rannsóknarspurningum, framkvæmd og úrvinnslu. Í þriðja hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar, umræðu og samantekt um niðurstöður og að lokum settar fram tillögur að umbótum.

Sérstakar þakkir eru færðar þeim er tóku þátt í rannsókninni.

Matsfræði

Það eru til margar leiðir við að meta og á hverjum degi tökum við ákvarðanir sem við byggjum á mati. Þannig metum við hitann í sturtunni að morgni og hvernig við klæðum okkur yfir daginn miðað við veður. Matsfræðin byggir á mati sem er formlegt og kerfisbundið. Þar er markmiðið að rannsaka á skipulegan hátt hvaða verðleikar eða gildi séu til staðar í ákveðinni þjónustu. Samkvæmt skilgreiningu Guskey (2000) eru fimm þættir sem greina matsfræði frá öðrum rannsóknaraðferðum. Þeir eru eftirfarandi:

1. Markmið matsfólks er að leita lausna á ákveðnum vandamálum.
2. Mat leiðir yfirleitt til ákveðinnar niðurstöðu.
3. Mat er lýsing á sérstökum málum í einstökum aðstæðum.
4. Við framkvæmd mats er leitað eftir ákveðnum verðleikum.
5. Mat er yfirleitt framkvæmt vegna þess að farið er fram á það af viðskiptavini.

Því fylgir ábyrgð að inna mat af hendi, það þarf að vera ábyggilegt og byggja á haldbærum upplýsingum til að hægt sé að taka ábyrgar ákvarðanir (Guskey, 2000).

Matsnálganir

Matskenningar og nálganir eru settar fram í þeim tilgangi að hjálpa matsfólki við að sjá hvernig best sé að framkvæma mat á þjónustu (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008). Hér verður fjallað stuttlega um þrjár matsnálganir samkvæmt flokkun Fitzpatrick, Sanders og Worthen (1997). Þær eru valdar sökum þess að þær falla best að þeim niðurstöðum sem koma fram í þessari rannsókn.

Markmiðsmiðað mat (e. objectives-oriented)

Sú nálgun sem fyrst var notuð til að meta skólastarf þeirra skóla er störfuðu í anda Dewy's. Nálgunin var þróuð af Ralph Tyler upp úr 1930 (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008). Það sem greinir markmiðsmiðaða nálgun frá öðrum nálgunum er að markmið ákveðinnar starfsemi/athafna eru skilgreind og matið beinist að því að skoða hversu mikið af skilgreindum markmiðum hefur náðst. Í kennslu getur matið snúið að ákveðinni kennslu í skólastofu (Worthen, Sanders, Fitzpatrick, 1997). Í leikskólum getur þetta átt við um einn þátt í dagskipulaginu. Upplýsingar

sem safnast í markmiðsmiðuðu mati er hægt að nota til að endurgera markmið starfseminnar eða endurskipuleggja starfsemina sjálfa. Einnig nýtast þær til að endurskoða matsaðferðir, starfshætti og búnað og ákveða í framhaldi af því hvernig ná skuli markmiðunum. Tyler lagði áherslu á að flokka almenn markmið áður en lagt er upp með þau sem grunn að því að meta ákveðnar athafnir eða starfsemi (Worthen, Sanders, Fitzpatrick, 1997).

Tyler setti fram sjö þrep sem matsfólk átti að fylgja eftir við framkvæmd matsins. Þrepin eru eftirfarandi:

- a) Markmið starfseminnar sett fram.
- b) Markmiðin flokkuð.
- c) Markmiðin skilgreind sem hegðunarmarkmið.
- d) Sýna fram á að markmiðin hafi náðst við tiltekna aðstæður.
- e) Velja mælingaraðferðir og þróa þær.
- f) Gögnum um frammistöðu safnað.
- g) Gögn um frammistöðu borin saman við hegðunarmarkmiðin.

Ef ekki reynist samræmi milli hegðunarmarkmiða og frammistöðu þarf að leita leiða til að leiðrétta það og endurtaka matsþrepin (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008).

Þátttakendamiðað mat (e. *participant-oriented*)

Það sem einkennir þátttakendamiðað mat er að megin áherslan er lögð á þá sem nota tiltekna þjónustu frekar en þá sem veita hana. Þessi matsnálgun leitast við að gera skil á þörfum og gildismati þeirra er nota þjónustuna. Einkenni þátttakendamiðaðra nálgana byggist á eftirfarandi:

- Að ekki er byrjað með fyrirfram ákveðnar tilgátur heldur vex skilningur á því sem verið er að meta smám saman út frá matsgögnunum.
- Gagnaöflun er fjölbreytt, bæði eigindleg, meindleg, hlutlæg og huglæg.
- Ekki er sett upp fyrirfram ákveðin áætlun, stefna matsins þróast eftir því sem skilningur á viðfangsefninu eykst.

- Horft er á viðfangsefnin frá mörgum hliðum, túlkanir eru mismunandi og allar jafngildar (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008).

Þátttakendamiðað mat beinist ekki að markmiðunum heldur því hvernig þeir sem njóta þjónustunnar upplifa hana og hvaða breytingar þeir vilja að eigi sér stað. Þannig er þjónustan aðlöguð að neytendum.

Leiðsagnarmat (e. *formative evaluation*)

Tilgangur leiðsagnarmats er að ákvarða hvaða gildi og hvers konar gæði eigi að liggja til grundvallar viðkomandi þjónustu. Mörk matsins miðast við hvaða upplýsinga er þörf og hvenær. Markmiðið með gagnasöfnuninni er greining en gögnum er safnað reglulega með stuttu millibili. Þetta markmið á við um alla gagnasöfnun. Til að leiðsagnarmat verði árangursríkt eru tveir þættir mikilvægir, það er eftirlit/stjórnun og tímasetning. Ef athugasemdir eiga að vera uppbyggilegar og til þess gerðar að bæta starfsemina er mikilvægt að matsfólk hafi stjórn á þeim breytum sem verið er að skoða. Leiðsagnarmat er unnið samhliða verkefnum sem verið er að þróa svo sem eins og kennsluefni. Með því að vinna að mati og þróun samhliða er hægt að nýta niðurstöður matsins jafnóðum, með framsetningu umbótaáætlana, og breyta og móta verkefnið í samræmi við það (Worthen, Sanders og Fitzpatrick, 1994). Leiðsagnarmat hefur verið notað til að meta reglulega starfsemi skóla, meðal annars gæði kennslu. Þegar kennari leggur mat á verkefni nemenda sinna og gefur þeim ábendingar sem eru ætlaðar til að bæta áframhaldandi nám, notar hann leiðsagnarmat. Við reglulega skoðun kennara á því hvernig nemendum hans vegnar kemst hann að því hvort námsáætlun sé raunverulega að virka. Á grunni þessara upplýsinga byggir hann ákvörðun sína um umbætur á kennslunni (George og Cowan, 1999). Leiðsagnarmat er ákveðinn spírall eða hringrás þar sem markmiðin eru endurskoðuð í skipulögðu ferli og umbótaáætlanir settar fram til að bæta árangur.

Staðlar

Matsstaðlar vísa til þess sem gert er í mati, þeir eiga að tryggja áreiðanleika matsins, að það sé löglega gert og unnið af háttvísi. Viðmið/staðlar skipta miklu máli við mat á skólastarfi til að það hafi þýðingu fyrir starfsemina og leiði til umbóta. Bandarísku matsstaðlarnir (Program Evaluation Standards, 1994) eru flokkaðir í staðla um hagkvæmni, gagnsemi, nákvæmni og velsæmi. Hér

verður nánar fjallað um útfærslur á þeim eins og horft hefur verið til þeirra í þessari rannsókninni þar sem aðeins var stuðst við staðlana að hluta til.

Nákvæmnistaðlar

Til að hægt sé að ákvarða um gæði/gildi þjónustu þarf að tryggja að upplýsingar um hana séu nægilega haldbærar.

- Greinagóð lýsing á skólastarfinu - skrá nákvæmlega það sem verið er að meta þannig að það sé augljóst hvað það er.
- Skilgreining og lýsing á umhverfi – þetta er mikilvægt til að hægt sé að skoða áhrif umhverfisins á skólastarfið. Hér þarf að skoða umhverfið í samhengi við það sem metið er.
- Það þarf að vera skýrt hver tilgangurinn er með matinu og hvaða aðferðir á að nota.
- Gögn sem aflað er skulu vera trúverðug – lýsa nákvæmlega hvaðan upplýsingarnar koma til að geta metið hversu áreiðanlegar þær eru.
- Eru upplýsingarnar réttmætar – er raunverulega verið að mæla það sem á að mæla.
- Eru upplýsingarnar áreiðanlegar – er mælingin það stöðug að hægt sé að endurtaka hana og fá sömu upplýsingar.

Gagnsemissstaðlar

Tilgangur með gagnsemissstöðlum er að tryggja að matið komi til móts við þarfir þeirra sem það beinist að.

- Er upplýsingaöflun nægilega viðamikil til að geta svarað þeim spurningum sem settar eru fram til að meta það sem leitað er svara við.
- Skilgreina gildismat – að sá rökstuðningur sem lagður er til grundvallar við túlkun gagna sé mjög skýr til að ljóst sé hvað liggur að baki gildismatinu.
- Matsgögn þurfa að vera vel skiljanleg öllu starfsfólki.
- Niðurstöður matsins skulu settar fram í formi matsskýrslu.

- Til að matið gagnist þarf að fylgja eftir þeim umbótum eða breytingum sem matsskýrslan segir til um.

Hagkvæmni

Til að matið sé raunhæft þarf að aðlaga það aðstæðum og starfsramma stofnana hverju sinni.

- Gagnaöflunarleiðir eiga að hafa sem minnst áhrif á starfsemina, það er matið á ekki að trufla starfið.

Velsæmisstaðlar

Tilgangur með velsæmisstöðlum er að tryggja að matið sé unnið af háttprýði og velferð þeirra sem matið beinist að sé höfð í fyrirrúmi.

- Matið þarf að vera þannig uppbyggt að það styrki skólann við að mæta þörfum þeirra þátttakenda er það vísar til.
- Matsfólk þarf að sýna virðingu í samskiptum við einstaklinga sem tengjast matinu svo það ógni þeim ekki á neinn hátt (Sanders, 1994).

Kennarar eru stöðugt að meta kennsluhætti og leggja mat á þá hver hjá öðrum. Bandarískir matsstaðlar (The Personnel Evaluation Standards, 2009) voru settir fram til að ákvarða hvernig framkvæmt skyldi einstaklingsmat á þeim sem koma að kennslu/menntun skyldi framkvæmt. Staðlarnir flokkast meðal annars í almenna siðgæðisstaðla sem styðjast skal við þegar gert er alhliða mat en í því felst að meta bæði styrkleika og veikleika einstaklingsins til að matið sé sanngjarnt. Það sem matið á að miða að er að bæta eiginleika einstaklingsins til að stuðla að því að starfskraftar hans séu fullnýttir.

Staðlar um styrkleika og starfsþróun

Tilgangurinn er að efla framfarir í starfi með sanngjörnu mati sem sýnir jafnt sterkar sem veikar hliðar einstaklingsins.

- Matsfólk þarf að tryggja að þær leiðir sem farnar eru í mati veiti nákvæmar alhliða upplýsingar um styrkleika og veikleika þess einstaklings sem verið er að meta.

- Tryggja ber að þeir sem verið er að meta viti hvað á að meta, hvernig gögnum hefur verið safnað saman, hvernig upplýsingarnar verði notaðar til að koma auga á styrkleika og veikleika og hvernig niðurstöður verði notaðar til umbóta.
- Matsfólk þarf að taka bakgrunn þeirra sem verið er að meta með í reikninginn. Til dæmis breytur eins og litarhátt, menningu, kyn, kynhneigð og fötlun, þar sem fordómar geta haft áhrif á frammistöðumat einstaklingsins sem verið er að meta.
- Matsfólk þarf að gera góða grein fyrir þeim grundvelli sem það byggir á við túlkun jákvæðra og neikvæðra niðurstaðna.
- Matsfólk þarf að greina mjög ýtarlega frá styrkleikum og veikleikum tilgátna sinna um hæfni einstaklingsins.
- Skrá þarf atvik sem geta haft áhrif á slaka frammistöðu þess sem verið er að meta (Gullickson, 2009).

Þeir sem stunda kennslu og uppeldi þurfa stöðugt að vera að uppfæra þekkingu sína og hæfileika þar sem menntun er í stöðugri þróun. Hvort sem um er að ræða jafningjamat¹ eða matsfólk sem metur starfshætti einstaklings þá þurfa matsstaðlar að marka framkvæmdina.

Undirbúningur fyrir mat

Upphafspunktur mats er að ákveða hvað á að meta, þar sem skólastarf er margþætt verður aldrei hægt að meta nema nokkra þætti í einu. Þær matsspurningar sem settar eru fram þurfa að vera afmarkaðar við það sem verið er að leita að upplýsinga um. Það þarf að vera ljóst hver viðmiðin eru og þau tengd markmiðum skólanámskrár viðkomandi leikskóla. Gögnum skal safna með tilliti til þess að þau veiti bestu mögulegu upplýsingarnar um það sem verið er að meta. Þegar gögn eru greind og túlkuð þarf að vera skýrt hvaða gildismat er lagt til grundvallar. Í lokin þarf að gera grein fyrir niðurstöðum matsins og setja fram umbótaáætlun fyrir það sem betur má fara. Æskilegt er að meta fáa þætti þegar mat er innleitt í upphafi. Til að tryggja að mat fari fram á öllum þáttum skólastarfsins þarf að gera matsáætlun þar sem þessir þættir eru taldir upp og tímasett hvenær þeir skulu metnir. Matsáætlunin þarf að vera sveigjanleg þannig að komi

¹ Jafningjamat byggir á því að starfsfólk leggi mat á starfshætti hvers annars.

upp mál sem brýnt er að meta gefist svigrúm til þess. Við upphaf matsins þarf að setja framkvæmd þess og eftirfylgni í ákveðið vinnuferli. Innan skóla þarf að koma á fót matsteymum en tilgangur þeirra er meðal annars að afmarka þá þætti sem á að meta og sjá til þess að þeir séu í samræmi við matsáætlunina. Öllu starfsfólki þarf að vera ljós tilgangur með matinu og hvaða hlutverki það gegnir við framkvæmd þess. Matsáætlun og tilhögun matsins þarf því að kynna vel fyrir starfsfólki.

Rannsóknaraðferðir

Rannsóknarspurningar

Eftirfarandi rannsóknarspurningar voru settar fram:

1. Hvaða leiðir eru nú farnar við mat á leikskólastarfinu?
2. Hvaða þættir eru oftast metnir?
3. Hvernig er upplýsinga aflað?
4. Hvaða upplýsinga er aflað?
5. Hvað hindrar helst framkvæmd á mati?
6. Hvaða upplýsingar eru líklegastar til að veita besta vitneskju um skólastarfið?
7. Hvað vilja foreldrar að lögð sé áhersla á að meta?

Aðferðafræði

Grunduð kenning

Gagnaöflun í þessari rannsókn er byggð á eigindlegri rannsóknaraðferð. Grunduð kenning er lögð til grundvallar en hún byggir á því að kenningar verði til út frá gögnunum sjálfum sem safnað er á kerfisbundin hátt og greind gegnum ákveðið rannsóknarferli. Rannsakandi fer ekki af stað með fyrirfram ákveðna kenningu heldur sér hvað gögnin leiða af sér. Kenningar sem verða til út frá gögnunum sjálfum eru mun líklegri til að veita upplýsingar um það sem raunverulega gerist, gefa innsýn, skapa skilning og veita mikilvægar leiðbeiningar um hvernig halda eigi áfram (Corbin og Strauss, 1998). Grunduð kenning felur í sér athugun á ákveðnum atburðum í umhverfislegu samhengi sem leiðir af sér tilgátu um ákveðið fyrirbæri. Þekkingin á fyrirbærinu en fengin hjá þeim sem móta hana (Creswell, 1998).

Orðræðugreining

Orðræðugreining leitast við að gera skil fjölbreytilegri merkingu í texta, svo sem mótsögnum. Merkingin er ekki stöðug heldur síbreytileg og samanstendur af mörgum orðræðum (Banister og

fleiri, 1994). Rannsakandi veitti því athygli í viðtölunum að mótsögn var í frásögn viðmælanda, í niðurstöðukafla er gerð nánari grein fyrir þessari orðræðu.

Framkvæmd og úrvinnsla

Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni koma frá sex leikskólum sem reknir eru af Reykjavíkurborg. Leikskólarnir eru allir jafnstórir, eða fjögurra deilda, og staðsettir í mismunandi borgarhverfum. Úrtakið er markvisst en rannsakandi valdi þátttökuskóla í framhaldi af viðtölum við leikskólastjóra þar sem fram kom áhugi á að taka þátt í rannsókn á mati á skólastarfi. Þátttakendur eru fimm leikskólastjórar, tólf deildarstjórar, tveir frá hverjum þátttökuskóla og fimm foreldrar frá jafn mörgum leikskólum.

Mælitæki

Mælitækin sem stuðst var við voru opin viðtöl (e. *in –depth interviews*) og rýnihópa viðtöl (e. *focus group interviews*). Opið viðtal er þegar viðtalið er innan ákveðins ramma þar sem spurt er um tiltekið viðfangsefni. Undirbúningur viðtalanna felst í því að útbúa grundvallarspurningar sem tryggja að viðfangsefnið sem spyrjandinn vill fá svör við komist til skila í rannsókninni. Það sem einkennir opin viðtöl er að þau eru breytileg frá einu viðtali til annars (Taylor og Bogdan, 1998). Rýnihópar virka sérstaklega vel til að komast að skilningi, skoðun og hugsun einstaklinga á ákveðnu málefni, þjónustu eða árangri. Þegar upplýsingar úr rýnihópum eru notaðar byggja þær á niðurstöðum hópsins ekki einstaklinga (Casey og Krueger, 2000).

Framkvæmd

Viðtöl við leikskólastjóra voru tekin á tímabilinu frá 18 til 29 maí 2009. Rannsakandi tók viðtölin í leikskólum viðkomandi leikskólastjóra. Áður en rannsakandi tók viðtöl við rýnihópa fór hann á deildarfundum í öllum þátttökuskólunum og kynnti rannsóknina og tilgang hennar fyrir stjórnendum. Viðtöl rýnihópa voru tekin 27. nóvember 2009 í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Hóparnir voru tveir og voru sex deildarstjórar í hvorum hópi, rannsakandi tók viðtal við annan hópinn og Sigurborg Matthíasdóttir matsfræðingur tók viðtal við hinn. Val á deildarstjórum til þátttöku var sett í hendur skólastjóra sem fóru flestir þá leið að deildarstjórar sjálfir völdu hverjir færu en skilyrði var að fulltrúar kæmu af yngri og eldri deild. Viðtal var tekið við rýnihóp foreldra

þann 10. nóvember í leikskólanum Laufskálum. Skólastjórnendur sáu um val á foreldrum en ýmist var auglýst eftir foreldrum til þátttöku innann leikskólanna eða foreldrar úr foreldraráði tóku þátt. Rannsakandi ritaði bréf til foreldra, sem leikskólastjórar komu á framfæri, þar sem þeim var kynntur tilgangur og markmið rannsóknarinnar. Eitt foreldri var valið fyrir hönd hvers skóla alls sex foreldrar, fimm mættu til þátttöku í rýnihópi. Öll viðtölin í rannsókninni voru hljóðrituð og afrituð, tímalengd opnu viðtalanna var um það bil 50 mínútur og á bilinu 46 til 54 afritaðar blaðsíður. Lengd rýnihópaviðtala var á bilinu 1 klst til 1 1/2 klst og frá 23 til 38 afritaðar blaðsíður. Áður en viðtöl fóru fram var þátttakendum gerð grein fyrir tilgangi og markmiðum rannsóknarinnar og þeim heitið fyllsta trúnaði. Þannig veittu viðmælendur upplýst samþykki (e. *informed consent*) fyrir þátttöku sinni.

Úrvinnsla gagna

Öll viðtölin voru tekin uppá upptökutæki og afrituð frá orði til orðs. Við greiningu gagnanna var notuð valin kóðun (e. *selective coding*) sem er ferli til að samþætta og endurbæta kenninguna.

Niðurstöður

Niðurstöðukaflanum er skipt í fjóra meginhluta. Í fyrsta hlutanum eru birtar niðurstöður úr viðtölum við leikskólastjóra, deildarstjóra og foreldra og þær tengdar við rannsóknarspurningarnar. Í öðrum hluta eru niðurstöður úr viðtölum skoðaðar með hliðsjón af þeim matsnálgunum og stöðlum sem gerð er grein fyrir í inngangi rannsóknarinnar. Í þriðja hluta er samantekt þar sem niðurstöður foreldra og leikskólakennara eru skoðaðar saman með tilliti til þess hvaða sjónarmið eru sameiginleg og hver eru ólík. Í fjórða hluta er fjallað um þá orðræðu sem kom fram í viðtölunum um framkvæmd og skilning á mati. Við greiningu á gögnum er stuðst við grundaða kenningu og orðræðugreiningu.

Greining viðtala tengd við rannsóknarspurningar.

Spurningar 1 og 2. Hvaða leiðir eru nú farnar við mat á leikskólastarfi og hvaða þættir eru oftast metnir?

Þær leiðir sem leikskólastjórar nefndu er notkun á heiltækum matslistum eins og ECERS-kvarðanum og Barnið í brennidepli. Þegar þroski og framfarir barna er metinn er stuðst við Hljóm² og ýmsa gátlista sem ýmist eru í miðlægu rafrænu formi hjá Leikskólasviði eða gerðir í leikskólunum. Aðrar leiðir eru skráningar á virkni og samskiptum barna og ljósmyndum af starfinu. Umræður um tiltekna þætti í starfinu og þroska barnanna er leið sem virðist almennt mikið notuð til að meta starfið. Þeir þættir sem leikskólastjórar segja oftast metna eru umgjörð starfseminnar eða dagskipulagið³, innan dagskipulagsins eru valið⁴, leikefnið og leikstundir⁵

² Hljóm er próf er mælir hljóðkerfisvitund barna.

³ Dagskipulag er samheiti fyrir val, vinnustundir/hópavinnu, matartíma, hvíld, fataklefa, útiveru, söng- og samverustundir.

⁴ Val er þegar barn velur sér ákveðið svæði þar sem tiltekið leikefni er til staðar.

⁵ Leikstundir er frjáls leikur barna, ekki eru valin tiltekin svæði.

mest skoðuð. Mat á þroska og líðan barnsins er unnið reglulega a.m.k. tvisvar á ári fyrir viðtöl við foreldra, ef ástæða þykir til fer mat oft fram.

Deildarstjórar segja að algengasta leiðin við að meta starfið séu umræður, þar sem rætt er hvort tiltekin markmið hafi náðst og hvort tilætlaðar leiðir séu þær réttu að markmiðunum. Umræðurnar eiga sér oftast stað í afmörkuðum hópum, til dæmis á deildum, og deildarstjóri heldur utan um umræðuna. Aðrar leiðir sem þær nefna eru gátlista til að meta framfarir barna, skráning á leik barna, ljósmyndir og spurningalistar. Það sem deildarstjórar telja oftast metið er virkni, samskipti og vellíðan barnsins. Þættir innan dagskipulagsins sem oftast eru metnir eru valið, leikefnið og vinnustundir/hópaþvinnan. Aðrir þættir sem voru nefndir eru starfsmannahandbókin og umhverfi og aðbúnaður. Nokkrir nefndu mat á gæðum í kennslu þar sem skoðað er hvaða áhrif leikefni hefur á leikinn og skoðun leikskólakennara á eigin kennsluháttum.

Spurningar 3 og 4. Hvernig og hvaða upplýsinga er aflað?

Leikskólastjórar segja upplýsingum um þætti er varða umgjörð starfsins oftast safnað með matsgögnum eins og ECERS, Barninu í brennidepli eða spurningalistum sem skólastjórnendur búa til sjálfir. Þeir listar sem búnir eru til í skólunum eru til þess gerðir að athuga ákveðna þætti sem talin er þörf á að skoða og betrubæta, sem dæmi, hvernig valið gangi. Gögn er beinast að mati á börnunum eru ýmist stöðluð próf, gátlistar, skráning á leik barna eða ljósmyndir. Umræður um starfið eru sú leið sem oftast virðist notuð til að afla upplýsinga, hvort heldur sem er almennt um starfið eða um börnin. Leikskólastjórar segja upplýsinga oftast aflað um þætti í dagskipulaginu og þroska og framfarir barna.

Deildarstjórar segja upplýsinga um barnið oftast aflað gegnum umræður, þær umræður eiga sér yfirleitt stað meðal þeirra sem starfa á deild barnsins undir stjórn deildarstjórans. Skráning á leik barna, ljósmyndaskráning og spurningalisti eru þær leiðir sem næst koma. Oftast er aflað upplýsinga um samskipti og virkni barna og dagskipulagið.

Spurning 5. Hvað hindrar helst framkvæmd á mati?

Leikskólastjórar segja helstu hindranir við framkvæmd á mati vera of litla þekkingu á mati og tímaleysi, það er að ekki gefst tími til að vinna úr niðurstöðum. Umfang þess sem verið er að meta er of mikið og matstækin of flókin. Mikil hreyfing á starfsfólki er einnig hindrun og þar sem stöðugt er verið að þjálfa nýliða er erfitt að byggja upp sameiginlega þekkingu.

Deildarstjórar segja helstu hindrunina vera ónóga þekkingu á matsaðferðum og að of margt sé metið í einu. Þeir segja erfitt að framkvæma mat þar sem þátttaka starfsfólks í mati sé oft lítil og matið mæði því eingöngu á stjórnendum.

Spurning 6. Hvaða upplýsingar eru líklegastar til að veita bestu vitneskjuna um starfið?

Það sem leikskólastjórar töldu að gæfi bestu upplýsingarnar er mat á öryggi og vellíðan barnsins og bestu upplýsingarnar um það koma fram í leik. Skráning á leik barna í hinum ýmsu athöfnum gefur að þeirra mati bestu vitneskjuna.

Deildarstjórnarnir tóku í sama streng og segja vellíðan og framfarir barnsins gefa bestu upplýsingarnar um starfið. En þeir telja einnig að mat leikskólakennara og starfsfólks á sínum eign störfum séu mikilvægar upplýsingar um leikskólastarfið.

Spurning 7. Hvað vilja foreldrar að lögð sé áhersla á að meta?

Það sem foreldrar telja mikilvægast að meta er ánægja og vellíðan barna og framfarir þeirra. Næst mikilvægast að þeirra áliti er mat á vellíðan og starfsánægju starfsfólks. Foreldrar töldu vellíðan og ánægju starfsfólks hafa mikil áhrif á líðan barna og yrði því að meta þessa þætti samhliða.

Annað sem fram kom í viðtölum við skólastjórnendur

Það leikur enginn vafi á því að leikskólastjóri og aðrir stjórnendur innan leikskólans leiða matið, þeir eru lykilmenn í gagnaöflun, úrvinnslu og framsetningu á umbótum. Nokkrir viðmælendur töluðu um faghópurinn og var þá átt við leikskólakennara og aðra fagmenntaða einstaklinga innan leikskólanna, t.d. grunnskólakennara.

Stjórnendur voru á einu máli um að brýnt væri að auka fræðslu á mati og veita leiðsögn við það. Leikskólastjórar töldu mesta þörf fyrir aukna á þekkingu á matsleiðum, framkvæmd mats og framsetningu umbóta. Deildarstjórar sögðu að leiðsagnar væri þörf við matsferlið sjálft, þegar unnið væri að matinu og við úrvinnslu á niðurstöðum þannig að þær nýttust í starfinu. Hugmynd kom fram um að mynda net leikskóla sem þar sem hægt væri að þróa mat á skólstarfi.

Leiðir að umbótum er sá þáttur í leikskólstarfinu sem leikskólastjórar virtust vera óöruggastir með. Umbætur byggjast á markmiðum sem ýmist eru sett í kjölfar niðurstaðna af umræðumati starfsmanna eða niðurstaðna úr gátlistum. Ný markmið og vinnuferlar eru sett fram í starfsáætlun.

Deildarstjórar setja fram markmið fyrir sína deild með leikskólastjóra, nái markmið ekki fram að ganga er skoðað hvernig staðið hefur verið að verki og leiðum breytt ef þess er talin þörf. Það kom fram í viðtölunum við deildarstjóra að erfitt sé að vinna að markmiðum þegar mikil hreyfing er á starfsfólki og stöðugt verið að þjálfa nýliða.

Niðurstöður af viðtölum við foreldra

Misjafnt var hvaða upplýsingar foreldrar höfðu um mat á skólstarfinu, það virtist tengjast því hvort foreldrar voru starfandi í foreldraráði. Ekki voru allir vissir um hvar matsniðurstöður væru settar fram, hvort þær væru á heimasíðu eða ekki. Flestir sögðu að til að fá upplýsingar þyrfti að leita eftir þeim. Það sem foreldrar vildu fyrst og fremst fá upplýsingar um varðar vellíðan og framfarir barnsins, líðan starfsfólks, samskipti milli kennara og barna og virkni dagskipulagsins. Foreldrar töldu að gefa ætti þeim kost á að koma inn í leikskólana og taka þátt í mati á skólstarfinu.

Greining viðtala með hliðsjón af matsnálgunum og stöðlum

Séu matsaðferðir þátttökuskólanna bornar saman við markmiðsmiðað mat, leiðsagnarmat og þátttakendamiðað mat koma fram tengsl við allar þessar nálganir.

Markmiðsmiðað mat (e. objectives-oriented)

Í skólanámskrá leikskóla eru sett fram skilgreind markmið sem lögð eru til grundvallar í starfsemi hans. Almennt er verið að leggja mat á hvort þessi markmið hafi náðst, endurskoða leiðir að þeim eða jafnvel breyta markmiðunum sjálfum. Markmiðin lúta að mjög breytilegum þáttum í leikskólastarfinu, allt fá almennum verkferlum til framfara einstaklingsins í daglegu starfi leikskólans. Endurgerð markmiða byggir að einhverju leyti á gagnaöflun en þó mest á niðurstöðum af umræðum starfsfólks. Hér má finna tengingu við markmiðsmiðað mat, þar sem markmið starfseminnar eru sett fram og mælt er á grundvelli fyrirbyggjandi gagna hvort þau hafi náðst.

Þátttakendamiðað mat (e: participant-oriented)

Í mati á leikskólastarfi er leitast við að láta raddir barnanna heyrast, það er framkvæmt á mismunandi hátt. Í sumum skólanna komu börn að gerð námskrár elstu barna, höfðu áhrif á gerð matseðils skólans, áhrif á hvaða leikefni ætti að vera í boði eða hvaða verkefni þau veldu sér að vinna með. Hér er verið að gefa börnum tækifæri til að hafa atkvæðisrétt um þá þjónustu sem þeim er veitt og koma með tillögur/óskir um það sem þau telja mikilvægt. Foreldrar hafa ekki verið virkir í mati innan leikskólanna, þó eru dæmi um að þeir taki þátt í að meta ákveðna þætti. Þátttakendamiðað mat miðast að því að þeir sem nota þjónustuna taki þátt í að móta hana. Hluti af mati í sumum þátttökuskólanna felur í sér að börnum er gert kleift að koma óskum sínum um ákveðna þætti þjónustunnar á framfæri, það má tengja þátttakendamiðuðu mati.

Leiðsagnarmat (e. formative evaluation)

Allir þátttökuskólarnir nota hluta af náms- og skipulagsdögum til að vinna að endurmati og er það jafnan framkvæmt að vori. Þar er oftast verið að leggja mat á verkferla, vinnuaðferðir og þætti er snúa að umhverfi og líðan barna. Unnið er út frá ákveðnum viðmiðum sem starfsfólk hefur komið sér saman um. Þegar verið er að meta líðan barna eða hvernig mismunandi leikefni hefur áhrif á virkni þeirra eru niðurstöður ákveðinna gagna lagðar til grundvallar þeim breytingum sem gerðar eru. Hér er gögnum safnað samhliða því sem unnið er að ákveðnum

viðmiðum og niðurstöður nýttar til umbóta á starfseminni. Þessa starfsaðferðir má tengja leiðsagnarmati þar sem gert er ráð fyrir að unnið sé að mati og þróun þess samhliða.

Þær matsnálganir sem nefndar eru hér að framan gagnast allar (ásamt fleirum) við að meta leikskólastarf en það vantar aukna þekkingu á notkun þeirra til að þær skili árangri í starfið og starfsumhverfið. Viðmælendur notuðu hvergi ákveðnar matsnálganir markvisst enda voru þær ekki lagðar til grundvallar við matið. Hver leikskóli mat skólastarfið samkvæmt eigin skilgreiningu á því hvað það skuli fela í sér.

Staðlar

Til að mat hafi þýðingu fyrir skólastarfið og leiði til umbóta þarf að tryggja áreiðanleika þess. Þar eiga staðlar að nýtast matsfólki til hjálpar. Hjá viðmælendum kemur fram að þau gögn (skráningar á starfinu) sem matið er byggt á eru gjarnan huglæg, ekki skráð markvisst og því ekki nógu trúverðug til að byggja niðurstöður á. Óljóst er hvaða aðferðir eigi að nota við matið og hvernig skuli setja fram umbætur til að þær skili árangri. Matsgögnin nái ekki að fanga það sem gerist. Samkvæmt þessu er ljóst að auka þarf nákvæmni við gagnaöflun, skoða hvort gögnin eru um það sem raunverulega er verið að mæla og skýra tilganginn með matinu.

Niðurstöður mats á að setja fram í formi matsskýrslu og til að matið beri árangur þarf að fylgja eftir þeim umbótum sem þar eru settar fram. Í þátttökuskólunum hafa niðurstöður mats verið settar fram sem hluti af starfsáætlun leikskólanna. Í viðtölunum kom fram að tíma skortir til að vinna úr matsgögnum og setja fram niðurstöður, við slíkar aðstæður er hæpið að matið gagnist í skólastarfinu.

Upplýsingum er safnað á mismunandi hátt en oftast er um að ræða eigindleg gögn sem eru ýmist útbúin í leikskólunum eða þar til gerðir matslistar. Hjá viðmælendum kemur fram að þeim finnast matsverkfærin oft of flókin og ekki miðuð við starfsumhverfi leikskólans. Ástæðan fyrir því að gagnaöflun og skráningar falla niður megi meðal annars rekja til þess að leikskólakennarar hafi ekki tíma til að sinna því starfi.

Kennarar telja mikilvægt að mat fari fram á kennsluháttum þeirra sjálfra, til að slíkt mat skili árangri við framfarir og þróun í starfi þarf að tryggja að það sé unnið með sanngjörnum hætti.

Meðal annars þarf sá sem metur að gera góða grein fyrir þeim rökum sem hann leggur til grundvallar við að túlka niðurstöður sínar.

Sameiginleg sýn leikskólakennara og foreldra

Þegar bornar eru saman niðurstöður úr viðtölunum kemur fram að þær upplýsingar sem foreldrar telja að gefi bestar upplýsingar um starfið eru þær sömu og leikskólastjórar og deildarstjórar nefna en það er vellíðan barnsins og framfarir þess. Það kemur einnig fram að dagskipulagið sé mikilvægur þáttur, þar þurfi að leggja mat á hvernig hver og einn þáttur innan þess sé að virkar og hvort fyrirkomulagið þjóni þörfum barnanna sem best. Allir viðmælendur leggja áherslu á mikilvægi mats á skólastarfi sem grundvallarforsendu fyrir styrkingu skólastarfs og þróun þess.

Orðræða um mat

Þegar orðræða stjórnenda um mat er skoðuð koma fram ákveðnar andstæður í svörum þeirra. Deildarstjórar tala um að þeir séu að meta starfið sitt alla daga. Einn deildarstjóri komst svo að orði:

...ég held að það sé stöðugt mat í gangi, við allavega, við metum eftir hvert, hvort það er litavika eða jólin, förum og metum allt um þetta, hvernig hefur það gengið og hvað hefur gengið vel, hvað má laga...

Hjá viðmælendum kemur ítrekað fram að það sem hindri helst mat sé þekkingarleysi á matsaðferðum og hvernig eigi að vinna matið. Í ljósi þessara upplýsinga má álykta sem svo að það sem viðmælendur nefna mat sé frekar umræða um markmið og vinnuferla frekar en byggt sé á fræðilegri þekkingu á mati.

Umræða og samantekt

Stjórnendur í leikskólum eru mjög meðvitaðir um mikilvægi mats fyrir leikskólastarfið og leggja allir mat á starfsemi sína. Þeir þættir sem skoðaðir eru innan þátttökuskólanna eru mjög líkir og varða í langflestum tilfellum umgjörð starfsins, nám og líðan barna. Þær leiðir sem farnar eru við að meta starfsemina eru einnig svipaðar. Viðmælendur eru sammála um að þekkingarleysi á matsaðferðum sé helsta hindrunin við framkvæmd mats og mikil þörf sé á leiðsögn og fræðslu. Ekki er stuðst við ákveðnar matsaðferðir eða staðla sem eru lykilatriði til þess að matið sé áreiðanlegt og matsfólk átti sig á hvernig best sé að framkvæma mat á þjónustu og færa hana til betri vegar. Niðurstöður gefa vísbendingar um að gagnaöflun þurfi að vera markvissari og kerfisbundnari og framsetning á niðurstöðum skýrari og aðgengilegri til hægt sé að byggja skólaþróun og framfarir á þeim. Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 er í 18. gr. kveðið skýrt á um að matið skuli vera kerfisbundið og leikskólar birti opinberlega upplýsingar um það (Lög um leikskóla 90/2008). Gerð viðmiða virðist vera veikur hlekkur, sérstaklega þar sem þau byggjast á sameiginlegu gildismati og skilningi starfsmanna sem er mótaður gegnum samræður. Það getur reynst erfitt að gera grein fyrir því hvort tilteknum viðmiðum hafi verið náð. Í þátttökuskólunum er unnið að gerð gátlista til að leggja mat á starfsemina. Það er áriðandi að leikskólar móti og þrói sín matsgögn, það eykur líkurnar á að fangaðar séu upplýsingar um það sem raunverulega gerist. Við gagnaöflun þarf að gæta þess að matsgögnin falli að starfinu og verði hluti af daglegri starfsemi leikskólanna. Frekari þróun á mati á leikskólastarfi þarf að byggja á þeim leiðum sem þegar eru farnar og tengja þær aðferðum matsfræðinnar.

Þrátt fyrir að hér hafi aðeins verið skoðað ákveðið úrtak leikskóla sem starfa á vegum Reykjavíkurborgar má yfirfæra niðurstöður á aðra leikskóla borgarinnar, þar sem þeir starfa eftir sömu Aðalnámskrá og hjá sama sveitarfélagi.

Tillögur að umbótum

Með niðurstöður gagna að leiðarljósi er tilefni til að setja fram eftirfarandi tillögur að umbótum til að auka fræðslu um mat á skólastarfi:

- Að leikskólasvið Reykjavíkur setji af stað markvissa fræðsluáætlun til tveggja ára. Fræðslan myndi miða að því að efla þekkingu stjórnenda og starfsfólks í leikskólum á matsaðferðum, framkvæmd mats og framsetningu á niðurstöðum og umbótaáætlunum.
- Að fræðslan fari fram með fyrirlestrum, hópavinnu með stjórnendum og beinni ráðgjöf/leiðsögn inni í leikskólanum.
- Að komi verði upp tengslaneti nokkurra leikskóla þar sem markvisst væri unnið að því að þróa mat á leikskólastarfi. Á þennan hátt byggist upp þekking á mati sem mótuð er í leikskólaumhverfinu af þeim sem veita þjónustuna og þeim sem njóta hennar.
- Að matið verði gert sýnilegra í skólastarfinu fyrir þá sem njóta þjónustunnar (börn og aðstandendur), þá sem kosta hana (sveitarfélagið) og þá sem móta hana og þróa (leikskólakennara).

Lokaorð

Í rannsókninni var farið af stað með það veganesti að varpa ljósi á framkvæmd innra mats í leikskólum eins og nú er staðið að því og skoða það í ljósi matsfræðinnar. Fram hafa komið ákveðnar vísbendingar um að styrkja þurfi starfshætti leikskólanna við mat á skólastarfinu til að markmið þeirra laga sem starfað er eftir nái fram að ganga. Leikskólastjórnendur telja sig ekki nægilega vel í stakk búna til að vinna innra mat og vilja læra meira um hvernig það er framkvæmt. Þeim óskum þarf að svara með því að bjóða þeim leiðsögn og ráðgjöf í sjálfsmatsaðferðum/innra mati.

Mat á leikskólastarfi hefur mikla þýðingu og því fylgir ábyrgð að leysa það af hendi. Mikilvægt er að matið sé unnið af þekkingu en aðeins þannig stuðlar það að auknum gæðum í skólastarfinu.

Heimildaskrá

Banister, P., Burman, E., Parker, I., Taylor, M. og Tindall, C. (1994). *Qualitative methods in psychology: A research guide*. Milton Keynes: Open University Press.

Casey, M.A. og Krueger, R.A. (2000). *Focus groups: A practical guide for applied research* (3. útgáfa). London: Sage.

Corbin, J. og Strauss, A. (1998). *Basics of Qualitative research: Techniques and procedures for developing grounded theory* (2. útgáfa). London: Sage.

Creswell, J.W. (1998). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five traditions*. London: Sage.

Fitzpatrick, J.L., Sanders, J.R. og Worthen, B.R. (1997). *Program evaluation: Alternative approaches and practical guidelines* (2. útgáfa). New York: Longman Publishers.

George, J. og Cowan, J. (1999). *A handbook of techniques for formative evaluation: Mapping the student's learning experience*. London: Routledge.

Gullickson, A.R. (2009). *The personnel evaluation standards: How to assess systems for evaluating educators* (2. útgáfa). CA: Corwin Press.

Guskey, T.R. (2000). *Evaluating professional development*. Thousand Oaks, CA: Sage.

Lög um leikskóla nr.90/2008.

Sanders, J.R. (1994). *The program evaluation standards: How to assess evaluations of educational programs* (2. útgáfa). CA: Sage.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2008). *Mat á skólastarfi: Handbók um matsfræði*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.

Fylgiskjöl

- ✓ Fylgiskjöl 1, 2 og 3 eru helstu greiningar niðurstöður raðað eftir tíðni svara í rannsóknargögnunum.
- ✓ Fylgiskjöl 4 eru bréf til þátttakenda.
- ✓ Fylgiskjöl 5, 6 og 7 eru þær spurningar sem lagðar voru til grundvallar við gagnaöflunina.

Þekking á mati

	Hvernig er starfsfólk leikskóla í stakk búið til að vinna að mati?	Hverjar eru helstu hindranir?	Hverjar eru helstu þjargirnar?	Hvernig leiðsagnar er þörf?
Leikskólastjórar	<ul style="list-style-type: none"> • Matið vefst fyrir starfsfólki. • Óöryggi um hvort verið sé að vinna matið rétt. • Vantar fræðilegan bakgrunn. • Leikskólaumhverfið tilbúið til að takast á við mat. 	<ul style="list-style-type: none"> • Tímaleysi, ekki tími til að vinna úr niðurstöðum. • Þekkingarleysi á vinnu við mat, sérstaklega matsaðferðum. • Mikil hreyfing á starfsfólki þannig að stöðugt er verið að kenna grunnatriði, t.d. skráningu. • Matsverkfærin of flókin. • Hræðsla við að vinna matið því starfsfólk er að gera eitthvað sem það þekkir ekki. • Matið oft of huglægt og því ekki nægilega marktækt. 	<ul style="list-style-type: none"> • Að auka þekkingu með því að efla fræðslu. • Leiðsögn til stjórnenda. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hvernig á að vinna að umbótum. • Auka þekkingu á matsaðferðum. • Hvernig á að framkvæma mat. • Hvað á að meta. • Almenn leiðsögn um framkvæmd á mati í skólastarfi.
Deildarstjórar	<ul style="list-style-type: none"> • Vantar þekkingu á matsaðferðum. • Vantar þekkingu á útfærslu umbóta. • Þörf á aukinni leiðsögn til að gera matið markvissara. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ekki næg þekking á matsaðferðum og hvernig á að vinna það. • Matið of umfangsmikið. • Ekki næst samstaða um hvað á að meta. • Lítil þátttaka starfsmanna. • Matsgögnin ná ekki að fanga það sem gerist. 	<ul style="list-style-type: none"> • Að auka fræðslu um mat og styðja starfsfólk við gerð þess. • Að búa til net meðal leikskóla þar sem hægt er að þróa mat á leikskólastarfi. • Leiðandi skólar. • Leita leiða til að efla áhuga starfsfólks. 	<ul style="list-style-type: none"> • Fræðslu, eins og námskeið um mat. • Leiðsögn við matsferlið þegar verið er að vinna með matið. • Hvernig á að vinna úr matsniðurstöðum þannig að þær nýtist í starfinu.

Hvernig er mat unnið í leikskólum

	Hvað er verið að meta?	Hvernig er upplýsingum safnað?	Hvernig eru niðurstöður nýttar?
Leikskólastjórar	<ul style="list-style-type: none"> Dagskipulagið/Deildarskipulagið. Starfsáætlun. Samskipti milli barna og kennara. Vinnuaðferðir. Verkferla. Leikefni/ Efniviðinn. Virgni barna. Líðan barns í leikskólanum. Samskipti milli barna. Nemendur með grun um frávik. Þróunarverkefni. Ýmis markmið. Einkunnarorð skóla. 	<ul style="list-style-type: none"> Safnað með þar til gerðum matsgögnum t.d. Barnið í brennidepli og ECERS kvarðinn. Umræður starfsmanna um starfið. Gögn er beinast að barninu sjálfu t.d. Hljóm, Íslenski Þroskalistinn. Gátlistar til að meta færni barna, ýmist búnir til í leikskólanum eða miðlægir. Spurningalistar útbúnir í leikskólunum. Skráning á leik barna. Ljósmyndir af leik og vinnu barna. Viðtöl við börn. 	<ul style="list-style-type: none"> Markmið sett út frá niðurstöðum af umræðum, spurningalistum og þar til gerðum matsgögnum. Umbætur felast í því að setja fram ný markmið og leiðir að þeim. Ný markmið og vinnuferlar sett í starfsáætlun.
Deildarstjórar	<ul style="list-style-type: none"> Hvern og einn nemanda, líðan barnsins og hvernig því fer fram. Samskipti. Virgni nemenda. Dagskipulagið. Starfsmannahandbókina. Gæði kennslunnar. Umhverfi og aðbúnað, eins og rými barna til að leika sér. Vinnubrögð kennara. 	<ul style="list-style-type: none"> Umræður starfsmanna um starfið. Skráning á leik barna. Ljósmyndir af leik og vinnu barna. Spurningalistar sem unnir eru í leikskólunum. Gátlistar sem meta færni barna, ýmist búnir til í leikskólanum eða miðlægir. Viðtöl við börn. 	<ul style="list-style-type: none"> Sett ný markmið. Leiðum að markmiðum breytt. Endurskoðað hvernig unnið hefur verið og hvort markmið hafi náðst. Styrkja það sem vel hefur gengið.

***Dagskipulag** – er yfirheiti yfir, val, vinnustundir/hópavinnu, matartíma, hvíld, fataklefa, útiveru, samverustundir og söngstundir. ***Vinnustundir/hópavinna** – er yfirheiti yfir tónlist, hreyfingu og aðra þætti er falla undir námssvið leikskóla.

Sameiginleg sýn foreldra og stjórnenda leikskóla

	Þættir sem gefa bestar upplýsingar um starfið	Þýðing mats fyrir skólastarfi	Þættir sem þegar eru metnir í skólastarfi og foreldrar vilja sjá metna
Leikskólastjórar	<ul style="list-style-type: none"> • Öryggi og vellíðan barna. • Félagssproski. • Málþroski. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hefur grundvallar-þýðingu við skólaþróun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Dagskipulagið. • Virkni nemenda.
Deildarstjórar	<ul style="list-style-type: none"> • Vellíðan barnsins. • Meta hvort námsefni og námsumhverfi stuðli að framförum hjá börnum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þróar og bætir skólastarfið. • Hefur mikla þýðingu til að styrkja skólastarfið í heild 	<ul style="list-style-type: none"> • Framfarir barna. • Dagskipulagið.
Foreldrar	<ul style="list-style-type: none"> • Ánægja og vellíðan barna. • Starfsánægja og vellíðan starfsfólks. • Þroskaframfarir hjá börnum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Mjög mikla þýðingu. • Nauðsynlegt til að þróa markmið og starfið í heild. 	<ul style="list-style-type: none"> • Dagskipulagið. • Upplýsingar um framfarir barnsins.

Reykjavík 30 sept. 2009.

Ágætu deildarstjórar!

Ég óska eftir tveimur deildarstjórum í rýnihóp í tengslum við rannsókn mína á mati á skólastarfi í leikskólum. Áætlað er að hóparnir komi saman þann 26 október kl:17:00 í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Hóparnir verða tveir og eru sex í hvorum þeirra, tveir frá hverjum þáttökuskóla. Deildarstjórar fá sama leikskóla verða ekki endilega saman í hópi.

Þátttakendur fá greitt sem samsvarar einum yfirvinnutíma samkvæmt kjarasamningi FL launaflokki 124 eða 3000 kr.

Þeir sem taka þátt vinsamlegast tilkynnið það til leikskólastjóra í viðkomandi leikskóla.

Virðingarfyllt

Halldóra Pétursdóttir

Leikskólastjóri í Laufskálum

30.09.2009

Ágætu foreldrar!

Ég undirrituð er að vinna að rannsókn þar sem ég kanna hvernig leikskólar vinna að mati á innra starfi. Tilgangur rannsóknarinnar er skoða hvernig leikskólar eru að vinna að mati í dag og í framhaldi af því hvernig megi þróa það áfram.

Þátttökuskólarnir eru sex og hef ég mikinn áhuga á að fá eitt foreldri frá hverjum skóla í rýnihóp til að kanna meðal annars hvaða væntingar foreldrar hafa til mats á leikskólastarfi. Gott væri að þeir sem tækju þátt í rýnihópnum hefðu íhugað hvaða þýðingu þeir telji matið hafi á skólastarfið.

Áætlað er að rýnihópurinn komi saman í síðustu viku október í umþb klst. að loknum vinnudegi, staður og nánari tímasetning verður auglýst síðar. Ef eitthvað er óljóst hafið vinsamlegast samband við undirritaða.

Ég vil benda foreldrum á að hér gefst þeim kostur á að leggja orð í belg um þátt í leikskólastarfinu sem hefur mikla þýðingu fyrir þróun leikskólakennslu almennt.

Þeir sem hafa áhuga hafið samband við leikskólastjóra ykkar skóla sem skráir þátttöku í rýnihópinn.

Virðingarfyllst

Halldóra Pétursdóttir

Leikskólastjóri

Laufskálum

S 693-9818

Staðsetning: Leikskólinn Laufskálar

Tími: Þriðjudagurinn 10. nóvember 2009 kl:18:00-19:00

Framkvæmd viðtals: Viðmælendum gerð grein fyrir að viðtalið sé tekið upp en lofað er nafnleynd og að gögnum verði eytt að rannsókn lokinni. Viðmælendur eru beðnir að taka fram nafn sitt þegar þeir tala svo hægt sé að aðgreina hvað hver einstaklingur segir. Mikilvægt er að allir tjái sig um hverja spurning til að fá fram sem flest sjónarmið. Gert er ráð fyrir 1. klst í viðtalið.

Spurningar

1. Hvað dettur ykkur í hug þegar þið heyrið orðin mat á skólastarfi?
2. Hvaða upplýsingar hafið þið um mat á skólastarfi í þeim leikskólum sem þið tengist?
3. Hvaða þýðingu teljið þið að mat hafi fyrir skólastarfið?
4. Hvaða upplýsingar teldu þið að gæfu bestar upplýsingar um skólastarfið til ykkar foreldra?
5. Hvernig geta foreldrar mögulega komið að mati á skólastarfi í leikskólum?

Rýnihópur deildarstjóra

Staðsetning: Menntaskólinn í Hamrahlíð

Tími: Þriðjudagurinn 27. október 2009 kl:17:00

Framkvæmd viðtals: Viðmælendum gerð grein fyrir að viðtalið sé tekið upp en lofað er nafnleynd og að gögnum verði eytt að rannsókn lokinni. Viðmælendur eru beðnir að taka fram nafn sitt þegar þeir tala svo hægt sé að aðgreina hvað hver einstaklingur segir. Mikilvægt er að allir tjái sig um hverja spurning til að fá fram sem flest sjónarmið. Gert er ráð fyrir 1 klst í viðtalið.

Spurningar

1. Þegar þú heyrir “mat á skólastarfi “ hvað dettur þér í hug?
2. Getur þú komið með dæmi um mat sem þú hefur unnið í þínum skóla?
3. Hverjir hafa unnið þetta mat sem þið eruð að nefna? (einstaklingar, hópar)
4. Hvað finnst ykkur að sé verið að meta?
5. Eru það réttu hlutirnir sem verið er að meta?
6. Hvernig upplýsingum hefur verið safnað? (umræður, spurningar)
7. Eru þetta upplýsingarnar sem gefa bestu myndina? Hvað vantar?
8. Hverjar eru helstu hindranir við matið?
9. Hverjar eru helstu bjargirnar?
10. Hvernig eru þið í stakk búna til að vinna mat?
11. Hvernig leiðsögn mynduð þið vilja?
12. Hverjir leiða matið?
13. Hvernig eru niðurstöður úr matinu nýttar?
14. Hvaða ávinningi gæti mat skilað inni skólastarfið?

Aukaspurning:

Gefst ykkur einhver tími til að skoða ykkar starf sérstaklega?

Spurningar til leikskólastjóra!

- ✓ Hvernig kom til að þú varðst leikskólastjóri?
- ✓ Hvað hefur þú starfað lengi?
- ✓ Hversu vel finnst þér þú vera í stakk búin til að leiða matið?
- ✓ Hefðir þú viljað fá betri leiðsögn við vinnslu á matinu?
- ✓ Hvaða leiðir eru farnar við að meta starfið?
- ✓ Hvaða þætti er verið að meta?
- ✓ Hverjar eru helstu hindranir þess að mat á skólastarfi geti átt sér stað?
- ✓ Hvaða upplýsingaveitur eru líklegastar til að gefa bestar upplýsingar við að meta skólastarfið?
- ✓ Hverjir telur þú að leiði matið innann þíns leikskóla
- ✓ Hvaða leiðir eru farnar þegar unnið er að umbótum?
- ✓ Telur þú að mat á skólastarfi sé mikilvægt?
- ✓ Af hverju?
- ✓ Eitthvað annað sem þú vilt taka fram?